

Samningur um samstarf milli Geðsviðs Landspítala og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna Laugarássins meðferðargeðdeildar og íbúðakjarnans að Austurbrún 6

Laugarásinn meðferðargeðdeild heyrir undir geðsvið Landspítala og býður upp á sérhæfða meðferð fyrir ungt fólk, á aldrinum 18-30 ára, með byrjandi geðrofssjúkdóm. Um er að ræða vandaða og faglega meðferð með áherslu á snemmihlutun.

Austurbrún 6 er íbúðakjarni á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir geðfatlaða einstaklinga þar sem unnið er eftir stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Markmið stefnunnar er að fatlað fólk fái þjónustu skv. reglugerð 1054/2010 í samræmi við þarfir sínar og óskir. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð, heildstæð og sveigjanleg með áherslu á valdeflingu og stuðning við sjálfstætt líf.

Forsendur þess að árangur náist í meðferð er að einstaklingar hafi fasta búsetu þar sem reynir á sjálfstæði og getu til að stýra eigin lífi. Undanfarin ár hefur Laugarásinn leitað eftir úrræðum hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar í formi búsetuendurhæfingar eða íbúðakjarna. Með snemmihlutun að leiðarljósi og með það að markmiði að auka líkur á sjálfstæðri búsetu til framtíðar með eða án stuðnings frá sveitarfélagi hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Laugarásinn ákveðið að fara í samtarf um tilraunaverkefni.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skuldbindur sig til að útvega tvær til þrjár íbúðir í samstarfi við Félagsbústaði (hluti af 32 íbúða utankjarnaverkefni fyrir geðfatlaða einstaklinga) og þjónustu frá íbúðakjarna sem samsvarar hálfu stöðugildi stuðningsráðgjafa. Leigutaka stendur til boða að greiða mánaðarlegt aðstöðugjald og/eða í matarsjóð til íbúðakjarnans að Austurbrún 6.

Laugarásinn skuldbindur sig til að tilnefna einstaklinga í úrræðið í samstarfi við þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, hafa ábyrgð á lyfjaumsjón og veita aðgang fyrir starfsmenn íbúðakjarnans að Austurbrún 6 að fræðslu, handleiðslu og ráðgjöf hjá Laugarásnum.

Aðilar skulu halda samráðsfund með leigutaka áður en búseta hefst og eftir það á tveggja vikna fresti og síðan mánaðarlega. Einstaklingsáætlun skal unnin af báðum aðilum í samstarfi við leigutaka og skal hún m.a. innihalda upplýsingar um heilsufar, bakslagsvarnir og krísuáætlun.

Úthlutun fer fram á fundum úthlutunarteymis sértækra húsnæðisúrræða. Félagsbústaðir sjá um að gera húsaleigusamninga og eru slíkir samningar í gildi á meðan forsendur vara og eru endurskoðaðir þegar forsendur breytast. Leigusamningar er gerðir til 12 mánaða við upphaf búsetu með möguleika á framlengingu til allt að 12 mánaða. Leigutaki þarf jafnframt að undirrita þjónustu- og búsetusamning við undirritun húsaleigusamnings og gengur sá samningur frammar húsaleigusamningi.

Samningsaðilar tilnefna hvor um sig tvo aðila sem funda tvisvar á ári til að fylgjast með framgangi verkefnisins. Í lok tímabils skal mat gert á árangri verkefnisins. Árangur verður metinn út frá fjölda einstaklinga sem hafa nýtt úrræðið og þjónustuþörf við búsetulok. Ákvörðun um framhald verkefnisins skal liggja fyrir að lágmarki þrem mánuðum áður en samningi lýkur.

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 30. nóvember 2017.

Reykjavík 18. nóvember 2015,

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Fyrir hönd Landspítala háskólasjúkrahúss,

Dagur B. Eggertsson

Páll Matthíasson